



**SAMORKA**  
Samtök raforku-, hita- og vatnsveitna

Alþingi  
Erindi nr. P 127/753  
komudagur 18.2.2002

Alþingi  
Félagsmálanefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík 15. febrúar 2002

**Varðar:** Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 81/1991, með síðari breytingum. Þskj. Nr. 612-378. mál.

Samorka hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga:

**1. gr**

Við 1. mgr. 2. gr. laganna bætist: nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið.

**2. gr.**

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Eiganda vatnsveitu er ár hvert heimilt að áskilja sér allt að 7% arð af eigin fé vatns veitunnar. Ákvæði þetta nær eingöngu til vatnsveitu sem er ekki sjálfstæður skattaðili og að öllu leyti í eigu eins eða fleiri sveitarfélaga.

Samorka gerir eftirfarandi athugasemdir:

Við teljum, að til þess að taka af öll tvímæli sé nauðsynlegt að fella burt ákvæði laganna sem takmarka eignaraðild við sveitarfélög.

Í því sambandi bendum við á að rikissjóður er eigandi að veitufyrirtækjum sem eru í blönduðum rekstri m.a. vatnsveiturekstri.

Við leggjum að auki til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á 4. og 8. gr.:

4.gr. endar á þessari setningu. "Eigandi heimæðar kostar viðhald hennar". Þetta leggjum við til að verði tekið út þar sem það skapar misskilning.

Við leggjum til að fyrsta málsgrein 8. gr. hljóði eftirfarandi:

*Af öllu atvinnuhúsnæði og af íbúðum þar sem notkun er meiri en hefðbundin heimilisnotkun er heimilt að innheimta sérstakt aukavatnsgjald.*

Við leggjum einnig eindregið til að lögín verði endurskoðuð í heild sinni, einkum með tilliti til breyttra viðhorfa í rekstri opinberrar starfsemi.

F.h. Samorku

  
Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri